

Aðalfundur foreldrafélags Víðistaðaskóla. Haldinn í Viðistaðaskóla 23. Maí 2023 kl. 19:30.

Dagskrá aðalfundar:

- 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**
Hrönn kosin fundarstjóri og Halla S. Sigurðardóttir fundarritari.
- 2. Skýrsla stjórnar.** Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og kynningu. Skýrslan var samþykkt.
- 3. Skýrslur nefnda.** Engar.
- 4. Lagabreytingar.** Engar.
- 5. Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Ársreikningur er fyrir tímabilið 1. maí 2022 til 30. apríl 2023. Innkomin félagsgjöld voru 427.624 kr. Hagnaður ársins er 1.235.913 kr. Sjá ársreikning.
- 6.**
- 7. Ákvörðun framlags félaga til félagsins**

Stjórn leggur til sama framlag, kr. 1500 á heimili. Samþykkt.

8. Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna

Kristjana segir af sér sem formaður foreldrafélagsins. Óskað var eftir framboðum í stöðu formanns. Enginn bauð sig fram. Fundarstjóri lagði til að ný stjórn skipti síðar með sér verkefnum og þar með einnig í stöðu formanns. Samþykkt af fundinum.

Í stjórn eru 7 fulltrúar. Halla, Björn og Tinna bjóða sig aftur fram.

Á fundinum buðu Harpa Björgvinsdóttir, Þórður Ingi Scheving Bjarnason, Brynja Einarsdóttir og Vala Hrönn sig fram í stjórn. Kjör stjórnarmanna var samþykkt.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Sigrún Eydal og Kristjana buðu sig fram. Samþykkt.

10. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði.

Linda flutti skýrslu foreldra í skólaráði Hafnarfjarðar. Umræða fór fram um áhættu hegðun hóps nemenda sem virðist hafa sprottið upp úr COVID tímabilinu þegar félagsstarfi unglinga var lokað. Skólastjórnendur fóru í virkt samtal við foreldra og náðist að beina ástandi á rétta brautir.

Umræða var um stuðning við nemendur eftir COVID. Ýmislegt hefur komið upp sem hefur þurft að leysa og áskorun er að ná utan um allar áskoranir.

11. Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins

Samkvæmt reglum félagsins á einn fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins að vera í skólaráði og annar óháður. Sigrún Eydal er tilbúin að vera fulltrúi foreldra.

Samþykkt var að Harpa Björgvinsdóttir úr stjórn foreldrafélagsins verði fulltrúi stjórnar.

Einnig vantar grenndarfulltrúa og Ester Petra Gunnarsdóttir bauð sig fram.

12. Önnur mál. Engin önnur mál bárust.

Að loknum aðalfundi flutti Stella B. Kristinsdóttir, fagstjóri forvarna- og frístundastarfs Hafnarfjarðarbæjar fyrirlestur „Hvað gerir barnið mitt í sumar? Virkni, forvarnir og sumarstarf í Hafnarfirði“